

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
b/t Sigurður Hreinsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 5. júlí 2019
UST201906-203/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Einiholt 3 – Skógarholt - Bláskógarbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu á deiliskipulagi Einiholt 3 í Bláskógarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og bílskúr allt að 250 m², skemma/hesthús allt að 200 m², allt að 150 m² skemmu, allt að 60 m² geymslu/gróðurhúsi og tvö gestahús sem geta hvort um sig verið allt að 65 m².

Auk þess kemur fram að nokkurt birkikjarr er um stærstan hluta jarðarinnar. Í vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið þar sem uppbygging er fyrirhuguð skilgreint sem mólendi og moslendi.

Birki

Jörðin er að stórum hluta undir hverfisvernd vegna birkiskógar, en ákvæði hverfisverndar segja heimilt er að grisja náttúrulega birkiskóga og gera göngustíga um þá.

Umhverfisstofnun telur að birkiskógarinn falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd kemur fram að með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að grisjun á náttúrulegum birkiskógi geti haft neikvæð umhverfisáhrif og því mikilvægt að unnin sé valkostagreining vegna staðsetningar göngustíga þar sem forðast er röskun á birki sbr. 3. mgr. ofangreindar laga.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.


Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur